



Samantekt, **febrúar 2017**. Nánari upplýsingar er hægt að nálgast á vefsíðu kaupstaðarins, www.sfk.is

Seyðisfjarðarskóli lengdi samkeppnifrestinn til og með 15. mars. Þ.e. samkeppni um merki fyrir sameinaðan skóla. „Seyðfirðingum er boðið að senda inn tillögur að merki skólans, tillögurnar þurfa ekki að vera fullunnar en þó vandlega unnar og vera lýsandi fyrir starfsemi sameinaðs skóla.“

Seyðisfjarðarkirkja var rauð í febrúar í tilefni af því að febrúar var mánuður hjartans. GoRed verkefnið hefur þróast í gegnum árin og í ár var allur mánuðurinn undir, efnið var óháð kyni og aldri því hjartaheilsa varðar alla.

Jafnréttisfulltrúi færði Slysavarnardeildinni Rán peningagjöf, í tilefni þess að þann 1. febrúar voru 87 ár frá stofnun fyrsta kvenfélagsins á Íslandi.

Milljarður rís var í félagsheimilinu Herðubreið 17. febrúar. Með þátttöku tóku menn afstöðu gegn ofbeldi. Í ár var dansað fyrir Birnu Brjánsdóttir. #fokkofbeldi

List í Ljósi hátíðin var haldin 25. febrúar. Fresta þurfti opunarhátíð vegna veðurs á föstudeginum, en hátíðin heppnaðist afar vel á laugardeginum í staðinn. Veðrið lék við hátíðina og ljósalistaverk voru um allan bæ. Mikið var af fólki í bænum, bæði heimamönnum og gestum. Hátíðin var eitt af sex menningarverkefnum sem voru tilnefnd til Eyrarrósarinnar.

Seyðfirðingurinn Elmar Bragi Einarsson var tilnefndur til Edduverðlaunanna 2017. Hann var tilnefndur fyrir tæknibrellur í stuttmyndinni *LjósÖld*, sem var lokaverkefni hans í Margmiðlunarskólanum.

Sveitarstjórnarmál

- Bæjaryfirvöld fengu staðfestar þær góðu fréttir frá vegamálastjóra að undirbúningur og skipulagsvinna vegna Fjarðarheiðarganga verði framhaldið á árinu (2017). Óvissu um verkefnið vegna óskilgreindra liða í fjárlögum hefur því verið eytt.

Í desember var verið að skoða og skrá borkjarnana sem hafði verið safnað í haust í tengslum við áætluð munnastæði. Þá verður unnin endanleg jarðfræðiskýrsla, sem stefnt er að verði tilbúin í maí. Næsta skref verður svo að hefja skipulagsvinnu með tengdum aðilum og velja endanlega legu ganganna undir Heiðinni og staðsetja munnastæði. Undirbúa þarf vegi að göngum, huga að brúargerð og hefja náttúrufarsrannsóknir vegna umhverfismats.

Í janúar hófst vinna við gerð landlíkana. Ef áætlun Vegagerðarinnar gengur eftir má vænta þess að í haust verði hægt að hefja forhönnun ganganna og um leið skoða öryggismálin. Gert er ráð fyrir þessi undirbúningsvinna teygi sig inn á næsta ár, en í framhaldi verði hægt að hefja lokahönnun mannvirkisns árið 2018.

- Bæjarstjórn sendi frá sér eftirfarandi ályktun þann 15. febrúar varðandi lokun brautar 06/24 á Reykjavíkurlflugvelli.

„Bæjarstjórn Seyðisfjarðar ályktar eftirfarandi um lokun brautar 06/24 á Reykjavíkurlflugvelli:

Lokun brautar 06/24 á Reykjavíkurlflugvelli svokallaðrar neyðarbrautar hefur í vetur sýnt sig vera áhættusamt hættuspil. Það hefur komið í ljós að sjúkraflugvélar hafa ekki getað lent í Reykjavík né annars staðar á Suðvesturhorninu með bráðveikt fólk sem hefur þurft á nauðsynlegri umönnun að halda á eina hátækni sjúkrahúsi landsmanna.

Með lokun brautarinnar var aðgengi að þessari bráðnauðsynlegu þjónustu sett í verulegt uppnám og áhættu. Úr því þarf að bæta án tafar með því að opna brautina á ný uns jafn örugg og trygg lausn er fundin.

Þá hefur komið í ljós að umfjöllun um brautina og að hluta rökstuðningur fyrir lokun hennar hefur verið byggður á röngum forsendum samanber útarlega athugun Öryggisnefndar félags íslenskra atvinnuflugmanna ÖFÍA. Niðurstaðan var að útreiknaður nothæfisstuðull Reykjavíkurflugvallar skv. ICAO staðli á braut 06/24 í skýrslu Eflu væri rangur og að ekki hefði verið tekið með í reikninginn bremsuskilyrði á flugbrautunum.

Að betur athuguðu máli eftir reynslu vetrarins hljóta málsaðilar að vilja axla ábyrgð og endurskoða þá stöðu sem sjúkraflugið hefur verið sett í.

Bæjarstjórn Seyðisfjarðar skorar á borgarstjórn Reykjavíkur, Alþingi og samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra að tryggja öryggi íbúa landsbyggðanna og ferðafólks með því að opna neyðarbrautina að nýju, í það minnsta þangað til önnur jafn trygg og örugg leið hefur verið opnuð.”

- Bæjarráð sendi frá sér eftirfarandi pistil 23. febrúar:

Bæjarráð, ásamt forseta bæjarstjórnar, fór nýlega til höfuðstaðarins og átti þar marga góða og mikilvæga fundi.

Mennta- og menningarmálaráðherra var sóttur heim og rætt við hann um hið mikla menningarstarf sem hér fer fram og undirfjármögnun sem það býr við og hefur gert um langt skeið.

Nýjum samgönguráðherra voru afhent gögn um gangnagerð og ræðuna síendurteknu um mikilvægi þess að rannsóknir haldi áfram eins og gert er ráð fyrir í samgönguáætlun þannig að göngin verði tilbúin til útboðs fyrr en seinna. Þá var ítrekað að á eftir Dýrafjarðargöngum væru Seyðisfjarðargöng.

Báðir ráðherra sýndu málstaðnum skilning, en eins og pólitíkusa er siður, gáfu engin afgerandi svör en bæjarfulltrúar fóru bjartsýnir af fundunum.

Fundað var með stjórnendum hjá RARIK varðandi húshitun og mögulegar aðrar lausnir í þeim málum í kaupstaðnum, en ljóst er að RARIK sér ekki fyrir sér að fjarvarmaveitan verði framtíðarlausn. Ekki er komin nein niðurstaða í þau mál en fullreynt hefur verið að leita að nothæfu heitu vatni hér í firðinum. RARIK fyrirhugar að halda hér íbúafund á næstu misserum.

Bæjarráð átti mjög upplýsandi fund með fulltrúum frá Veðurstofu, Ofanflóðasjóði og verkfræðistofum varðandi ofanflóðavarnir í firðinum og endurskoðað hættumat. Unnið er að tillögum varðandi varnarmál gegn snjóflóðum í norðanverðum firðinum fyrir ofan byggðina á Bökkunum. Sá tímarammi sem unnið er með núna er að viðeigandi frummatsskýrsla verði tilbúin í lok sumars eða næsta haust og þá er gert ráð fyrir íbúafundi til að kynna þessi mál. Einnig voru ræddar aðgerðir varðandi sunnanverðan fjörðinn en komið hefur í ljós að þar er mun meira hættu á aurskriðum en áður var talið. Í raun er litið til að dreyna Botnana og svo þarf að byggja varnargarð fyrir ofan byggðina nær alla sunnanverða ásamt fleiri aðgerðum. Hér er skýrsla Veðurstofunnar (á ensku) sem útskýrir þetta betur. Þau varnarmál sem talað er um að þurfi að fara í hér í firðinum fagra eru mjög umfangsmikil og mun taka langan tíma að koma þeim upp en íbúar verða að sjálfsgöðu upplýstir um þetta allt eftir því sem vinnunni vindur fram.

Að lokum var góður fundur með Þýðingarmiðstöð utanríkisráðuneytisins um starfsstöð þeirra hér á Seyðisfirði og mönnun á henni.